

þá varið til endurbyggingar hennar, að undanskildum 100 — eitt hundrað — krónum, er ávaxtist og notist á sama hátt, og svo kalli af kalli. 111
8. des.

3. gr.

Stjórn sjóðsins er nú í höndum undirritaðra, en skipist þannig, er skipulagsskrá þessi hefir öðlzt staðfestingu, að sjálfkjörinn verður presturinn á Borg, eða þjónandi prestur í Borgarnesi, og tveir menn, er löglegur safnaðarfundur hlutaðeigandi sóknar kys til þriggja ára í senn. Skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir af sóknarnefndinni.

4. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Borgarnesi, 27. október 1932.

Magnús Jónsson. Björn Magnússon. Magnús Þorbjarnarson.

AUGLÝSING

til

fiskútflytjenda.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum útgefnum 5. desember 1932, skipar ráðuneytið svo fyrir, að viðlögðum sektum samkvæmt lögnum, að ekki megi á tímabilinu 1. janúar til 1 apríl 1933 nema með samþykki Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda flytja eða selja til útlanda saltaðan fisk, verkaðan né óverkaðan, ef hann er lagður á land eftir 1. janúar 1933.

Samningar um slíkan útflutning eða sölu úr landi eru því ógildir.

Þetta birtist hérmeð hlutaðeigendum til leiðbeiningar og eftirbreytni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. desember 1932.

Ólafur Thors.

Vígfús Einarsson.